Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðinja* um makaskipti á kirkjujörð **72**
— Samkvæmt allra- þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, eptir að honum hafði borizt 2. júní
þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi dags. 21. apríl þ. á. hefur hans hátign konunginum í dag allramildilegast þóknazt að fallast á, að jarðaskipti megi hafa á kirkjujörðinni Höfða í Höfðasókn í Suður-Þingeyjarsýslu og bændaeigninni Grenivík í sömu sókn, þannig að hin fyrnefnda jörð verði eptirleiðis skoðuð sem bændaeign að því er afgjaldsskyldu snertir, en hin síðarnefnda jörð hafi jafnrjetti við aðrar kirkjujarðir.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

Brjef landshöfðingja *til biskups* um breytingu á skilmálum um niðurlagningu tveggja kirkna. **73**
— Þjer hafið, háæruverðugi herra, með þóknanlegu brjefi, dags. 4. júní
2. þ. m. sent mjer beiðni frá eigendum Steinakirkju í Eyvindarhólaprestakalli, þar sem þeir fara þess á leit, að sú breyting verði gjörð á skilmálum þeim, sem í brjefi mínu 12. marz þ. á.[1] eru settir fyrir niðurlagning Steinakirkju og Skógakirkju og bygging einnar sameiginlegrar kirkju á Eyvindarhólum, að þeim verði ekki gjört að skyldu að greiða meira en fjórðung alls kostnaðar við bygging hinnar fyrirhuguðu Eyvindarhólakirkju, í stað þriðjungs, sem þeim í ofannefndu brjefi samkvæmt tilboðum og samningi umboðsmanns þeirra er gjört að leggja fram. Ástæðan fyrir beiðni þessari er sú, að þeir hafi þegar tilboðið var gjört, einungis haft fyrir augum sameining Steinakirkju við Eyvindarhólakirkju, en þegar nú Skógakirkja bætist við, þá raskist hlutfallið, svo að þeir verði tiltölulega of hart úti, en samkvæmt vitnisburði prófasts stendur hinn nú framboðni fjórðungur kostnaðarins í líku hlutfalli við kirkjubygging fyrir allar hinar 3 sóknir Eyvindarhóla prestakalls, eins og þriðjungur kostnaðar við kirkjubygging fyrir Eyvindarhólasókn ásamt Steinasókn einni.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að jeg samkvæmt tillögum yðar og að athuguðum málavöxtum fellst á ofannefnda breytingu á ákvæðum fyrnefnds brjefs, að eigendur Steinakirkju standi að kirkjubyggingunni fyrir allar þrjár núverandi sóknir Eyvindarhólaprestakalls að einum fjórða hluta ; en að öðru leyti skulu kostirnir vera óbreyttir.

Brjef landshöfðingja[2] *til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu* um endurgjald á legukostnaði vinnuhjús. **74**
6. júní.

Með brjefi, dagsettu 22. dag aprílmán. þ. á., sem borizt hefur hingað beina leið, hefur oddvitinn í Bessastaðahreppi í Gullbringusýslu í umboði hreppsnefndarinnar þar, áfrýjað til landshöfðingjans úrskurði Suður- og Vesturamtsins, dags. 27. maí 1884, er gjörir nefndum hreppi að skyldu að endurgjalda bæjarsjóði Reykjavíkur legukostnað stúlkunnar Elisabethar Jónsdóttur, sem vorið 1883 dó á sjúkrahúsinu í Reykjavík, og þangað var flutt að fyrirlagi læknisins, að upphæð 77 kr. 84 aur., og sem var greiddur úr bæjarsjóði

1) sjá Stjórnartíð. 1890 B. 37

2) Úrkurður þessi er kveðinn upp af forstjóra landsyfirdómsins samkv. 21. gr. auglýsingar 22. febr. 1875 með því að landshöfðinginn, sem nú er, hafði 27. maí 1884 sem þáverandi settur amtmaður lagt úrskurð á mál þetta.